

**Safnasjóður**

**16 210**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

### Safnasjóður

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Menningar- og viðskiptaráðuneytis

kt. 700904-3340

Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Safnasjóður er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli safnalaga nr. 141/2011.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 278,1 milljónir og afkoma kr. 8,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 141,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Safnasjóðs fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Þóra Björk Ólafsdóttir  
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	277.700.000	257.500.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	249.263	576.422
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	167.248	237.851
<b>Tekjur samtals</b>		<b>278.116.511</b>	<b>258.314.273</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	4	232.630.041	224.448.475
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	22.787.445	19.520.869
Annar rekstrarkostnaður .....	6	14.468.165	14.832.143
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		7.872	34.020
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	167.248	237.851
<b>Gjöld samtals</b>		<b>270.060.771</b>	<b>259.073.358</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>8.055.740</b>	<b>(759.085)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(6.214.219)	(13.810.610)
Rekstrartilfærslur .....		14.269.959	13.051.525
		<b>8.055.740</b>	<b>(759.085)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	141.395.295	120.877.681
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	523.792	428.604
<b>Eignir samtals</b>		<u>141.919.087</u>	<u>121.306.285</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	60.000	40.000
Viðskiptaskuldir .....		1.655.428	1.018.579
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	137.210.305	125.142.844
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	(547.617)	(380.369)
<b>Skuldir samtals</b>		<u>138.378.116</u>	<u>125.821.054</u>
<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>		3.540.971	(4.514.769)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	12	3.540.971	(4.514.769)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>3.540.971</u>	<u>(4.514.769)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>141.919.087</u>	<u>121.306.285</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afcoma ársins .....		8.055.740	(759.085)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	167.248	237.851
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(167.248)	(237.851)
		<u>8.055.740</u>	<u>(759.085)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		(20.760.050)	(41.238.217)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		12.704.310	41.997.302
		<u>(8.055.740)</u>	<u>759.085</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(262.436)	(124.650)
		<u>(262.436)</u>	<u>(124.650)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		262.436	124.650
		<u>262.436</u>	<u>124.650</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	30.100.000	246.900.000	0	277.000.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum .....</b>	<b>30.100.000</b>	<b>246.900.000</b>	<b>0</b>	<b>277.000.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	700.000	0		700.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>30.800.000</b>	<b>246.900.000</b>	<b>0</b>	<b>277.700.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	(24.343.374)	19.828.605	(808.973)	(5.323.742)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>6.456.626</b>	<b>266.728.605</b>	<b>(808.973)</b>	<b>272.376.258</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(37.014.219)	(232.630.041)	(262.436)	(269.906.696)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(30.557.593)</b>	<b>34.098.564</b>	<b>(1.071.409)</b>	<b>2.469.562</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	277.700.000	257.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	167.248	237.851
	<u>277.867.248</u>	<u>257.737.851</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	30.100.000	246.900.000	0	277.000.000
Launabætur .....	700.000	0	0	700.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>30.800.000</b>	<b>246.900.000</b>	<b>0</b>	<b>277.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(37.014.219)	(232.630.041)	0	(269.644.260)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(6.214.219)</b>	<b>14.269.959</b>	<b>0</b>	<b>8.055.740</b>

	2023	2022
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	249.263	576.422
	<u>249.263</u>	<u>576.422</u>

<b>4 Framlög og tilfærslur</b>		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	20.400.000	23.250.000
Rekstrartilfærslur aðrir .....	212.230.041	201.198.475
	<u>232.630.041</u>	<u>224.448.475</u>

<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	18.618.194	16.036.452
Launatengd gjöld .....	4.164.481	3.478.917
Starfsmannakostnaður .....	4.770	5.500
	<u>22.787.445</u>	<u>19.520.869</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	1,7	1,6

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	117.167	(73.932)
Ýmis tæki og áhöld .....	0	57.819
Matvæli .....	132.079	328.843
Almennar rekstrarvörur .....	168.403	14.688
Vörukaup, almenn	417.649	327.418
Fundir, námskeið, risna .....	743.838	1.034.990
Ferðir, uppihald .....	1.873.455	2.166.471
Akstur .....	180.825	208.597
Sérfræðiþjónusta .....	7.386.496	7.315.184
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	21.274	31.294
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	360.517	433.122
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	25.850	243.560
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	10.592.255	11.433.218
Afnotagjöld .....	1.378.719	1.064.841
Leigugjöld .....	2.079.542	1.996.665
Notkun véla og flutningatækja .....	0	10.001
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	3.458.261	3.071.507
Annar rekstrarkostnaður samtals	14.468.165	14.832.143
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	167.248	237.851
	167.248	237.851
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>8 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	141.395.295	120.877.681
	141.395.295	120.877.681
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	60.000	40.000
	60.000	40.000

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	523.792	428.604
	<u>523.792</u>	<u>428.604</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	1.935.903	1.935.903
Viðbætur á árinu .....	262.436	262.436
	<u>2.198.339</u>	<u>2.198.339</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	1.507.299	1.507.299
Afskrift ársins .....	167.248	167.248
	<u>1.674.547</u>	<u>1.674.547</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>523.792</u>	<u>523.792</u>

31.12.2023 31.12.2022

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

Önnur ógreidd gjöld .....	137.210.305	125.142.844
	<u>137.210.305</u>	<u>125.142.844</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2023 31.12.2022

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	523.792	428.604
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(1.071.409)	(808.973)
	<u>(547.617)</u>	<u>(380.369)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	428.604	(808.973)	(380.369)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	262.436	(262.436)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(167.248)	0	(167.248)
	<u>523.792</u>	<u>(1.071.409)</u>	<u>(547.617)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(4.514.769)	(3.755.684)
Afkoma ársins .....	8.055.740	(759.085)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>3.540.971</u>	<u>(4.514.769)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur fyrir húsaleigu nema 2,0 m.kr og vegna þjónustu 1,2 m.kr.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Styrkveitingar til 2-3 ára eru alltaf veittar með fyrirvara um fjárveitingu safnasjóðs.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.